

# Fundargerð 38. fundur. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 4. október kl. 14:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Ása Valdís Árnadóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Valdimar O. Hermannsson og Aðalheiður L. Borgþórsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Árni Eiríksson boðaði forföll.

Skarphéðinn Orri Björnsson mætti ekki á fundinn.

Jóhann Friðrik Friðriksson tók þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Skýrsla formanns - 1804001SO

Formaður greinir frá skýrslu formanns. Tvö minnisblöð eru lögð fram til grundvallar. Annars vegar minnisblað um meginafstöðu SO til verkefna starfshóps um skattlagningu orkumannvirkja, dags. 11.júní 2019. Hins vegar minnisblað II, dags. 10.september 2019 sem lagt var fram á fundi starfshóps um skattlagningu orkumannvirkja sama dag.

*Formaður greindi frá vinnu starfshópsins og stöðu hennar sem hefur m.a. skapast vegna óeiningar um hvernig túlka eigi erindisbréf starfshópsins.*

Sigurður Á. Snævarr kom inn sem gestur undir þessum dagskrárlið.

### 2. Orkufundur 2019 - 1901003SO

Drög að dagskrá Orkufundar 2019 lögð fram til kynningar

*Dagskrá Orkufundar er nokkuð mótuð. Á það bent að æskilegt sé að erindi frá Landssamtökum raforkubænda fjalli um reynslu þeirra sem farið hafa í gegnum ferlið. Í framhaldinu verður Orkufundur auglýstur meðal aðildarsveitarfélaga og einnig send tilkynning um fundinn á alla þingmenn.*

*Samþykkt að óska eftir því við sambandið að fundurinn verði tekinn upp.*

### 3. Noregsferð stjórnar 2019 - 1901002SO

Fjallað verður um undirbúning kynnisferðar stjórnar til Noregs sem fyrirhuguð er um miðjan mars 2020.

*Undirbúningur er í gangi vegna Noregsferðar. LVK hefur lýst yfir vilja til að taka á móti stjórn. Þá mun starfsmaður Zephyr aðstoða við undirbúning heimsókna í vindmyllugarða.*

**4. Heimasíða Samtaka orkusveitarfélaga 2017-2020 - 1709001SO**

Fjallað verður um heimasíðu samtakanna og endurskoðun á henni.

Ákveðið að vinna að endurskoðun heimasíðu samtakanna í samstarfi við starfsmenn sambandsins.

**5. Samtök orkusveitarfélaga - önnur mál - 1803002SO**

Önnur mál sem tekin verða fyrir.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fundi var slitið kl. 15:15

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Jóhann Friðrik Friðriksson

---

Ragnhildur Haraldsdóttir

---

Þorsteinn Gunnarsson

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson

---

Aðalheiður L. Borgþórsdóttir

